

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 209/2015

2017/EES/19/13

frá 25. september 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/639 frá 23. apríl 2015 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á kísildíoxíði (E 551) í pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólý-etylenglýkól (E 1209) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/647 frá 24. apríl 2015 um breytingu og leiðréttingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna matvælaaukefna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/648 frá 24. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið N-etyl-(2E,6Z)-nónadíenamíð af skrá Sambandsins ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/649 frá 24. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á L-lefsíni sem burðarefni fyrir borðsætufni í töfluforni ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):

„– **32015 R 0639**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/639 frá 23. apríl 2015 (Stjttíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 16),

– **32015 R 0647**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/647 frá 24. apríl 2015 (Stjttíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 1),

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 17.

- **32015 R 0649**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/649 frá 24. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 17).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzs (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008):
- „– **32015 R 0648**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/648 frá 24. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 15).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):
- „– **32015 R 0649**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/649 frá 24. apríl 2015 (Stjtið. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/639, (ESB) 2015/647, (ESB) 2015/648 og (ESB) 2015/649, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.